

FORNLEIFASKRÁNING Í LANDI KROPPS VIÐ HRAFNAGIL: DEILISKRÁNING VEGNA ÍBÚÐABYGGÐAR



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2021
FS851-21321



Ljósmynd á forsíðu er tekin með dróna. Á henni er horft til austurs yfir hluta af deiliskípulagsreit. Fyrir miðri mynd sést íbúðarhúsið á Kroppi og viðbygging við það til norðurs þar sem gamli bærinn stóð áður.

Ljósmynd: Elin Ósk Hreiðarsdóttir

©2021

FÖRNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	5
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF.....	9
3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU	11
4. FORNLEIFASKRÁ.....	13
5. SAMANTEKT UM SÖGU SVÆÐIS OG LANDSHÆTTI	27
6. FORNLEIFAR INNAN DEILISKIPULAGSREITS.....	31
HEIMILDASKRÁ.....	33

Viðauki

Hnit í ISN93 vörpun

Mínjakort

Samantekt

Skýrsla þessi fjallar um deiliskráningu fornleifa innan 10 ha deiliskipulagsreits í landi Kropps í gamla Hrafnagilshreppi, nú Eyjafjarðarsveit. Skráningin var unnin í tengslum við fyrirhugaða íbúðarbyggð, Ölduhverfi. Skráningin fór fram í september 2021 að beiðni landeigenda. Deiliskipulagsreiturinn nær yfir gamla heimatúnið á Kroppi og nánasta umhverfi þess. Innan marka hans voru skráðar 12 fornleifar og sú þrettánda var fast utan við mörkin. Flestir minjastaðanna eru innan gamla heimatúnsins en þar var m.a. skráð sjálft bæjarstæðið, öskuhaugur og kálgarður, útihús og heimreið. Á svæðinu eru einnig þekkt kuml sem fundust við vegagerð skömmu eftir aldamótin 1900, hjáleiga og ógreinileg þúst eða hóll þar sem mannvistarleifar gætu verið undir sverði.

Þótt engin yfirborðsummerki séu nú merkjanleg af mörgum fornleifunum kunna leifar þeirra að leynast undir sverði. Því er mikilvægt að við frekari uppbyggingu á svæðinu sé tekið tillit til þeirra minja sem eru þekktar innan þess. Einnig má minna á að ekki er óalgengt að áður óþekktar minjar komi í ljós í heimatúnum gamalla lögbýla. Því er ljóst að allt skipulag uppbyggingar innan gamla heimatúnsins þarf að vinna í náinni samvinnu við Minjastofnun Íslands.

Efnisorð

Fornleifaskráning, deiliskráning, íbúðabyggð, kuml, Kroppur, Hrafnagilshreppur, Eyjafjarðarsveit

Summary

This report presents the findings and conclusion of a detailed survey carried out within a 10 ha plot belonging to the property of Kroppur formerly in Hrafnagilshreppur, now Eyjafjarðarsveit. The survey was done in September 2021 on behalf of the landowners who are planning a new residential area. The surveyed area covered all of the old homefield of the farm and additional areas to the north, south and west. Alltogether 12 archaeological sites were found within the area and one just outside the plot. The sites include the farmstead itself, a midden, outhouses, a potato garden and home track as well as a pre-Christian burial discovered at the beginning of the 20th century and tenant farm.

For most of these sites there are no visible surface remains but many of them might still retain buried features. It is therefore important that any further planning and construction work in the area respects the cultural landscape and that full measurements are taken to protect the remaining archaeology in cooperation with The Cultural Heritage Agency of Iceland.

Keywords

Archaeology, detailed survey, house development, pre-Christian burial, Kroppur, Hrafnagilshreppur, Eyjafjarðarsveit

1. Inngangur

Haustið 2021 hafði Páll Snorrason samband við Fornleifastofnun Íslands ses og fór þess á leit fyrir hönd landeigenda jarðarinnar Kropps, að stofnunin tæki að sér deiliskráningu fornleifa innan marka deiliskipulagsreits á svæðinu. Úttektarsvæðið er um 10 ha stórt og nær yfir gamla heimatún jarðarinnar að Eyjafjarðarbraut að austan en einnig yfir nokkurt svæði utan heimatúnsins til norðurs, vesturs og suðurs.

Enn er búið í íbúðarhúsinu á Kroppi en ekki hefur verið stundaður búskapur á jörðinni frá því árið 2000. Skógrækt hófst þar skömmu fyrir aldamótin 2000 en á síðustu árum hefur jörðin gengið kaupum og sölum. Í kringum 2007 var ráðgert að þar risi sumarhúsabyggð en þau áform urðu aldrei að veruleika. Svæðið er skilgreint sem íbúðahúshverfi í aðalskipulagi sveitarfélagsins og var í aðalskipulagi gert ráð fyrir að þar myndu rísa um 100 íbúðir í blandaðri byggð en síðan þá hafa verið settar fram hugmyndir um þéttari byggð og allt að 212 íbúðir. Er gert ráð fyrir að hverfið beri nafnið Ölduhverfi.¹

Áður en deiliskráningin var unnin haustið 2021 hafði Fornleifastofnun aðalskráð minjar á Kroppi árið 1994 þegar tilraunaverkefni á sviði aðalskráningar hófst á svæðinu. Var skráningin á Kroppi unnin í fyrsta áfanga þeirrar skráningar, á meðan enn var verið að þróa aðferðir og aðeins teknir gróflega staðsettir skráningarpunktar á völdum stöðum.² Að þessu sinni var svæðið deiliskráð. Við vettvangsskráningu var því farið kerfisbundið um allt úttektarsvæðið og leitað að minjum, hvort sem heimildir voru um þær eða ekki. Allar sýnilegar minjar voru auk þess mældar upp með nákvæmum hætti. Skráning leiddi í ljós upplýsingar um 13 fornleifar en ein þeirra er fast utan deiliskipulagsmarka. Reiturinn var skráður á vettvangi í september 2021. Um skráninguna sá Elín Ósk Hreiðarsdóttir sem skrifaði einnig skýrslu og tók drónamyndir af svæðinu.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd. Í þriðja kafla er fjallað um þá aðferðafræði sem notuð var við úttektina og í þeim fjórða er svo að finna sjálfa fornleifaskráninguna. Í henni eru upplýsingar um allar þekktar minjar innan deiliskipulagsreitsins. Í fimmta kafla skýrslunnar er samantekt um sögu svæðis og landshætti á deiliskipulagssvæðinu og í lokakafla hennar er að finna umfjöllun um fornleifar innan deiliskipulagsmarka og helstu

¹ *Breyting á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar og deiliskipulag Ölduhverfis*, bls. 2-3.

² Orri Vésteinsson og Adolf Friðriksson. 1994.



Úttektarsvæðið merkt inn sem rauður ferningur á innfellda Íslandskortinu en mörk deiliskipulagssvæðis eru merkt inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf á stærri myndinni.

niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er að finna heimildaskrá, hnitaskrá yfir alla minjastaði og kort sem sýna rannsóknarsvæðið og þær fornleifar sem fundust innan þess.





2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verzlunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: EY-314:001). Þær minjar sem skráðar voru innan deiliskipulagsreits eru allar í landi Kropps (EY-314). Fleiri minjar eru þekktar innan jarðarinnar, utan deiliskipulagsreitsins en upplýsingar um þá staði eru ekki birtar í skýrslunni. Er þetta skýringin á því að númeraröð fornleifa er ekki samfelld heldur vantar inn í númer á minjum sem eru þekktar utan marka deiliskipulagsreits.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvorrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.


Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar voru allir minjastaðir uppmældir. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með 50 metra frávikum eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.


Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Á vettvangi var notast við þá vinnureglu að skilgreina fundnar minjar innan marka áhrifasvæðis „stórhættu

vegna framkvæmda“. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða. Það er þó ljóst að hægt ætti að vera að hlífa mörgum minjastaðanna sé tillit tekið til fornleifa á deiliskipulagsstigi.³ Að þessu sögðu er ljóst að hluti ráðgerðra framkvæmda er innan heimatúns gamals lögbýlis og því allt sem bendir til að að minjadreifing þar hafi verið fremur þétt. Á slíkum svæðum má einnig gera ráð fyrir því að áður óþekktar minjar geti komið í ljós á framkvæmdastigi. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens	Númer fornleifar á nitekmis förd	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93
SF-175-009	Sveinshlaða	Tóft	hlaða		E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horfi til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppþæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skafartúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skafartúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.

Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlaðuna er annað hölf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlaðunnar eru 4-5 m á breidd. Hölfir virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hölfir norðvestan við hana. Nokkur hölmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá


Hætta sem stoðjar að fornleif

Skýringarmynd. Dæmi um skráningu á minjastað.

³ Undantekning frá þessu er gamla heimreiðin að Kroppi en henni virðist bráðari hætta búin af skógrækt en framkvæmdum og gamla þjóðleiðin er rétt utan deiliskipulagsmarka og er því fremur í hættu vegna áframhaldandi vegagerðar en framkvæmda innan framkvæmdareits.

4. Fornleifaskrá

EY-314 Kroppur



1692. 40 hdr. 1712, 20 hdr. JÁM X, 215-217.

1847. Bændaeign. JJ, 300.

„Þeirra synir voru Þórðr ok Þorvarðr í Kristnesi, ok Steingrímur at Kroppi.“ ÍF I (Landnámabók), 224, 257.

„Hans son var Áskell, er banasár fékk við Eyjafjarðará gegnt Kroppi.“ ÍF I (Landnámabók), 211, 277.

„Steingrímur bjó að Kroppi í Eyjafirði“ Reykdæla ÍF V (Reykðelasaga), 298.

„og nú segir Austmaðurinn, að Steingrímur frá Kroppi hafi áður varðað viðinn fyrir þrjú hundruð einlit...“ ÍF V (Reykðelasaga), 305.

„En er þau koma gegnt Kroppi, sjá þau þrjá tugi manna renna til árinna,“ ÍF V (Reykðelasaga), 325.

„Síðan reið Illugi í brott, en menn hljópu á eftir honum allt til bæjar þess, er á Kroppi heitir.“ Sturlunga I (Guðmundar saga dýra), 176.

„Ok er þeir kómu inn með Eyjafirði, kom í móti þeim Björn bóndi frá Kroppi.“ Sturlunga II (Þorgils saga skarða), 183.

1451 hafði Guðný Þorsteinsdóttir Höskuldssonar Kropp og Grísará fyrir 60 hdr í mála sinn við Guðmund Sigurðsson - DI V, 87.

1461 er 15 hdr kristfé á Kroppi - DI V, 286.

1520: „kroppur .xlc. vj kugilldi. Landskyllð atta kugilldi“ og hafði hún ásamt Kristnesi, Hjálmstöðum og Grísará „komið fyrir þær jarðir er undir Gottskálk biskup hafði borið“ - DI VII, 728, sbr. 1525 - DI IX, 301.

1550 er „Kroppur .xxx. c.“ talin meðal jarða sem Jón biskup Arason hefði burt lógað frá Hólastól og hefði Gottskálk bp þeim flestum undir komið - DI XI, 873 sbr. DI XII, 460.

1553 reiknaði Einar Brynjólfsson á Espihóli bróðurdóttur sinni Guðnýju Magnúsdóttur hálfá jörðina Kropp fyrir 20 hdr til kaups við Torfa Þorsteinsson og áskildi sér forkaupsrétt á henni - DI XII, 627.

1569 skoðuðu 6 dómsmenn kvaddir af Benedikt Halldótssyni bréf „ei með insiglium. sem jordunne Kroppe tilheyrde. og hennar itokum i annara manna lond yfer um a. hver oss og virdtust ad vera miog skialeg. þo vier þar ecke fullnadardoms atqvæde a leggium. þa virdest oss þo Benedict bonde meiga ad osekiu gagnsemd af þeim itokum hafa. þar til onnur brief eda skilrike þar um kiæme. er þeim hrinde.“ DI XV, 267.

1583 gefur Benedikt Halldórsson Birni syni sínum til kaups við Elínu Pálsdóttur m.a. Kropp, 40 hdr - Jarðabréf, 219.

1701 selur Málfríður Björnsdóttir Magnúsi Björnssyni hálfá jörðina Kropp, 10 hdr - Jarðabréf, 234.

1712: Kroppshús/Litli Kroppur í túninu fyrir sunnan í eyði í yfir 40 ár. Kroppshúsa er einnig getið sem eyðihjáleigu 1802.

1712 er einnig getið um stekkur sem er út og upp frá túninu. Þar er mikil girðing í kring. Kroppi tilheyrir enn 12ha engi austan við Eyjafjarðará, s.k. Kroppsnes, talið 10 hdr land 1712.

[um 1902:] „... engið á Kroppi var mestmegnis handan Eyjafjarðará, sem oft var ill yfirferðar sökum vaxta og sandbleytu. Allt var heyið flutt þurrt heim á hestum, og þurfti þá að binda það vel ... svo að það blotnaði sem minnst í ánni.“ Lárus J. Rist, Synda eða sökkva, 109.



Kroppsbærinn um 1955/56. Ljósmyndari Tryggvi Haraldsson fyrir KEA sem lét mynda allt samlagssvæðið, þ.e. alla bæi sem sendu mjólk í mjólkursamlag KEA á þessum árum. Ljósmynd A1-00270_26, Minjasafnið á Akureyri




Bæjarstaði Kropps. Á loftmynd til vinstri sést hvar bæjarstaðið var samkvæmt túnakorti frá 1917. Á sömu mynd er að finna uppmælingu á því sem kemst næst því að geta talist bæjarhóll á svæðinu í dag en engin merki hans eru greinanleg undir núverandi húsi. Íbúðarhúsið á myndinni var byggt 1919 og er því aldursfríðað. Þegar það var byggt stóð hluti gamla bæjarins enn fast norðan þess en síðar vék hann fyrir viðbyggingum. Á mynd til hægri er sjálft bæjarstaðið gróflega afmarkað með línu og er horft til austurs.

„Bærinn stendur á hól í brekkunum vestan Eyjafarðarbrautar,“ segir í Byggðum Eyjafjarðar. Á hólnum er íbúðarhús sem byggt var 1919 en viðbætur voru byggðar 1957 og 1967. Húsið er með um 2 m djúpum kjallara, en það stendur ekki ofan á gamla bænum nema að hluta. Viðbygging gekk út úr því að norðan- og vestanverðu og voru þær ofan á gamla bænum. Síðasti torfbærinn í Kroppi var með fjórum burstum sem snéru til austurs og náði bærinn frá þeim til vesturs langleiðina að Kroppslæk. Þegar steinsteypta húsið er byggt 1919 var það byggt sunnan við gamla bæinn að mestu og norðurhluti frambæjarins stóð við íbúðarhúsið allt fram á 6. áratuginn. Til er uppdráttur af Kroppsbænum, frá því um 1890, annars vegar flatarteikning og hins vegar teikning af burstunum fjórum. Á ljósmynd af hluta af bæjarhúsunum sem tekinn er á hlaðinu á Kroppi árið 1955-56 sést að þá stóð enn hluti gamla bæjarins fast norðan við íbúðarhúsið og á sömu mynd sést einnig í

steinsteypa fjósið. Í ljósmyndinni má sjá næst-nyrstu burstina en þá var nyrst burstin niðurfelld en óskemmd þar norðan við. Samkvæmt Jóni Steingrímssyni, heimildamanni, stóð á þessum tíma líka hluti næst syðstu burstar og var notað sem inngönguskúr á húsið og var þá með skúrþaki. Þá var einnig hægt að ganga upp á baðstofuloft vestan í bæjarsamstæðunni en var það síðast hæsnakofi þegar Jón man eftir.

Íbúðarhúsið á Kroppi stendur enn og er uppgert. Það er steinsteypa hús með mænispaki og kjallara og snýr austur-vestur. Húsið stendur hátt og er þaðan fallegt útsýni þótt greiniré séu byrjuð að skyggja á útsýni til ASA.



Bærinn á Kroppi eins og hann var um 1890. Mynd til vinstri er úr bók Jónasar Rafnar, Bæjarhúsingar og teikningar (bls. 20), en mynd til hægri úr bókinni Eyjafjarðarframan Glerár og Varðgjár (bls. 259)

Á teikningu í bók Jónasar Rafnar er bær sýndur og má þar sjá að skáli var syðstur af framhúsunum (h), þá bæjardyr (a), svo stofa (i) og nyrst skemma (j). Frá bæjardyrum lágu göng (b) til vestur inn bæinn og var þar fyrst búr (g) á vinstri hönd þegar gengið var inn göngin og því næst annað búr (f) á vinstri hönd og aflöng baðstofa (c) á hægri hönd til móts við innra búr. Allra vestast í bænum voru svo búr (e) (á vinstri hönd) og eldhús (d) á hægri hönd. Samkvæmt Jóni Steingrímssyni heimildamanni stóð eldhúsið sem var allra vestast í bæjarsamstæðunni stakstætt nokkru eftir að bærinn var rifinn og var lengi notað sem reykhús. Húsið var það líklega rífið fyrir eða um miðjan 6. áratug 20. aldar. Í Lýsingu Jónasar Rafnar á bæjarhúsunum um 1890 segir:

Bæjardyr: 3 sperrur, 4 bitar, 6 stoðir, langrefti, 1 tveggjarúðu gluggi og 1 einnarrúðu gluggi. Göng: mestmegnis samanhláðin. Baðstofa: tvíhólfuð, 18 stoðir undir lausholtum, 3 aðalbitar, sexrúðu gluggi í eystri parti, 2 fjögurúrúðu gluggar í vestra parti. Eldhús: 6 stoðir, 3 sperrur, 3 bitar. Skáli: 2 tveggjarúðu gluggar. Stofa: 8 stoðir, 4 bitar, slagþil með vindskeiðum, 2 sexrúðu gluggar á járnum, hurð á járnum með tvílaestri skrá. Loft yfir stofu með fjögurúrúðu glugga

Varðveitt lýsing af húsinum er einnig að finna í svörum Davíðs Jónssonar við spurningum til undirbúnings gerðar fasteignamats 1915 en þar er húsinum lýst svona:

Baðstofa 10 x 4 1/2, baðstofuhús 5 1/4 x 4 1/4 hvort tveggja með þiljum og gólfí. Göng 23 x 1 1/2 að mestu samhlaðin. Bæjardyr 5 1/2 x 4, með lofti yfir. Stofa 6 1/2 x 4 alþiljuð. Skáli 6 1/4 x 3 3/4. Skáli 6 1/4 x 3 3/4 með þili fram á hlaðið. Eldhús 6 3/4 x 4 1/2. Búrkofar 3 7 x 3, 6 1/2 x 3 1/2, 6 x 4. Skemma 5 3/4 x 3 1/2.

Bæjarhúsin á Kroppi standa á háum hól ofan eða vestan Eyjafjarðarbrautar. Ekki er hins vegar að sjá greinilegan bæjarhól undir íbúðarhúsinu og má vera að mannvistarleifum hafi verið ýtt fram af brekkunni í tímans rás. Einu mögulegu ummerkin um bæjarhól eru þau að land hækkar talsvert fast aftan við íbúðarhúsið og þar er svolítill hólmyndun að húsabaki og að læk sem er allt



Horft til austurs yfir bæjarstæði Kropps. Á myndinni sést gamla eldhúsið sem var sá hluti gamla bæjarins sem stóð lengst, vestan við íbúðarhúsið. Á myndinni sjást einnig braggarnir tveir (lengst til vinstri) en fjárhús EY-314:006 stóð við norðurenda eystri bragga (utan myndflatar). Fyrir neðan braggana sést svo í fjóshlöðuna. Myndin er líklega tekin á fyrri hluta 6. áratugarins (Hreiðar Steingrímsson).

að 1.5 m hærrí en svæðið austan við. Þessi hól er um 26.5 x 15.5 m að stærð og snýr norður-suður. Þegar leiksvæði var gert norðvestan við íbúðarhúsið nýlega var aðeins grafið ofan í þetta svæði án þess að greinilegar mannvistarleifar kæmu í ljós að sögn ábúanda. Þetta er þó það svæði þar sem leifar gamla bænum stóðu lengst, þ.e. eldhúsið sem var allra vestast í samstæðunni. Framan við hús er heimreiðin að bænum og bílplan norðan við húsið. Sunnan og vestan við hús er íbúðalóð þar sem er niðurgrafið trampolín, trjágróður og sólpallur. Viðbygging sem var vestan við húsið hefur nú verið rifin. Fast vestan við lóðamörk rennur Kroppslækur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Byggðir Eyjafjarðar, 738, Jónas Rafnar, 20, Svör við spurningum v/fasteignamats 1916-1918, Kassi 1916/13 [AA 13] Þjóðskjalasafn Íslands, Minjasafnið á Akureyri, A1-00270_26

EY-314:002 heimild um kálgarð

X 541933 Y 565236

Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1917 ríflega 30 m NNA við bæ 001, á norðurbakka Fjösslutar sem liggur beint austur frá þeim stað þar sem fjós stóð fram yfir aldamótin 2000.

Á þessum stað er fremur gróðurryr brekka en skógrækt er bæði norðan og sunnan hennar. Lítil trjágróður er enn sem komið er í sjálfri brekkunni sem er að mestu gróin sínu. Kálgarðurinn hefur verið norðan við lautina í brekku móts suðri. Þar er nú fremur gróðurryrt svæði á svipuðum kafla í brekkunni og ætla má að kálgarðurinn hafi verið. Allra suðaustast á svæðinu vex svolíttill rabbabari. Þegar Jón Steingrímsson heimildamaður man fyrst eftir sér voru óljósar hleðslur eða niðurstunga á



Ekki sjást afgerandi ummerki um kálgarð EY-314:002 lengur en vel má merkja hvar hann var á gróðurfari í brekkunni. Á mynd til vinstri hefur túnakort frá 1917 verið upprétt og lagt yfir loftmynd (Loftmyndir ehf) og má sjá hvar kálgarðurinn var. Mynd til hægri er tekin með dróna af sama svæði og má vel merkja hvernig gróður á þeim slóðum sem garðurinn var sker sig úr umhverfinu.

þessum slóðum en það var horfið fljótlega eftir að hann komst til vits og ára.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917

EY-314:003 heimild um skemmu

X 541853 Y 565190

Útihús var merkt innan við 10 m vestan við vesturgafli gamla bæjarins 001, vestan Kroppslækjar, í túni. Á svipuðum stað stóð lengi lítið torfhús og fyrst þegar Jón Steingrímsson heimildamaður



Húsið sem stóð síðast á þeim stað sem hús er merkt inn á túnakort frá 1917. Á mynd til vinstri sést afstaða hússins og íbúðarhúss vel en á myndinni sést einnig í efri hluta hússins sem er handan við bæjarlækinn (Mynd: Minjasafnið á Akureyri, AI-00270_26). Á mynd til hægri sést húsið betur en hún er tekin á 6. áratug 20. aldar (Hreiðar Steingrímsson).

man eftir sér var það notað sem íshús/geymsla á vetrum. Undir lokin var húsið notað sem kartöflugeymsla uns það brann þegar sína var brennd á svæðinu öðrum hvorum megin við 1990 og var leifum þess jafnað út í kjölfarið. Í túni, nærri austurjaðri. Talsverð sína er beggja vegna við lækinn á þessum slóðum.

Engin ummerki sjást lengur um húsin. Á ljósmynd sem líklega er tekin í kringum 1960 sést húsið og af henni að dæma hefur það þá verið láreistur kofi með dyrum norðarlega á austurhlið og tveimur lofttúðum eða reykháfum á þaki.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917 og ljósmynd tekin af Hreiðari Steingrímssyni um 1960

EY-314:004 heimild um fjárhús

X 541771 Y 565236

Útihús voru merkt inn á túnakort frá 1917 um 100 m frá vesturhlið gamla bæjarins 001 á túnmörkum, við Kroppslækinn sunnanverðan. Samkvæmt túnakortinu voru þessi hús nokkuð stærri en 005. Þar sem húsin stóðu er nú slétt tún í halla til austurs. Svólítil dæld virðist hafa gengið frá Kroppslæknum nokkru ofar, til suðurs og þá til austurs niður allt túnið og að Kroppslæk. Segja má að svólítil hæð eða tunga virðist hafa verið afmörkuð af þessari dæld og Kroppslæk að norðan og austan. Líklega er þetta það svæði sem nefnt var Tungu í örnefnaskrá og hafa útihús 004 og 005 verið á henni. Engin yfirborðsummerki um útihús sáust í túninu á þessum slóðum þegar svæðið var skráð 2021. Örlítil hæð er í túninu á svipuðum slóðum og húsin kunna að hafa staðið en hún er síður en svo afgerandi og þarf ekki að tengjast staðsetningu húsanna.

Fjárhús og hlaða voru áður á þessum stað. Samkvæmt Úlfari Steingrímssyni heimildamanni féllu húsin úr notkun nokkuð snemma og svæðið svo sléttað um 1967. Við vinnslu túna kom lengi vel talsvert af grjóti upp á þessum slóðum sem var gjarnan rutt í Kroppslækinn.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917, 1990

EY-314:005 heimild um útihús

X 541789 Y 565233

Útihús var merkt inn á túnakort frá 1917 um 80 m vestan við gamla bæinn 001, um 20 m austan við hús 004. Þau hafa verið fast sunnan við Kroppslæk.

Þar sem húsin stóðu er nú sléttað tún í halla til austurs. Svólítill dæld virðist hafa gengið frá Kroppslæknum nokkru ofar, til suðurs og þá til austurs niður allt túnið og að Kroppslæk þar sem hann rennur ofan við bæ. Dældin markar af tungu með Kroppslæk að norðan og austan. Líklega er þetta það svæði sem nefnt var Tunga í örnefnaskrá og hafa útihús 004 og 005 verið á henni. Engin yfirborðsummerki um útihúsin sáust í túninu á þessum slóðum þegar svæðið var skráð 2021.

Þarna var lítið hús sem undir lokin var notað sem hundahreinsunarkofi samkvæmt Jóni Steingrímssyni heimildamanni. Grjót kom gjarnan upp við túnrækt á þessum slóðum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917



Yngsta húsið sem stóð þar sem útihús EY-314:005 voru merkt inn á túnakort frá 1917. Mynd: Minjasafnið á Akureyri, A1-00270_26

EY-314:006 (*Grundarhús*) heimild um fjárhús

X 541851 Y 565240

Útihús var merkt um 40 m norðvestan við vesturhlið bæjar 001 en norðan við Kroppslæk og var það líklega fjárhús. Á svipuðum slóðum virðist hafa verið örnefnið Grundarhúsavöllur sbr. örnefnaskrá Hrafnagilshrepps: „Efst í túni, norðan bæjarlækar, er Grundarhúsavöllur“. Ekki er víst að þessi hús hafi verið þau hús sem Grundarhúsavöllur tók nafn af en ekki er vitað um önnur hús á þessum slóðum nema fjósið 007 sem var nokkru neðar (austar). Jón Steingrímsson taldi helst að húsin hefðu verið nefnd Neðstuhús (Næstuhús) en hugsanlegt er að það heiti hafi upphaflega átt við neðstu útihúsin, sjá fjós 007 eða jafnvel hesthús (sjá 011). Á stríðsárunum voru reistir tveir samsíða braggar á þessum slóðum sem stóðu fram eftir öldinni en fjárhústóftin eða hluti hennar stóð lengi við norðurenda eystri braggans. Henni var rutt út á árunum 1952-1954 samkvæmt Jóni Steingrímssyni heimildamanni.

Á þessum slóðum er talsvert raskað svæði og má sjá pípur og byggingarefni í grasverði hér og þar þar sem braggarnir stóðu áður. Engin eiginleg mannvirki eru þó greinileg. Svæðið er á kafi í sinu. Öllum mannvirkjum á þessum slóðum hefur nú verið rutt út. Stór gryfja er þar sem fjós 007 var og rask ofan eða vestan hennar og nær það að austurjaðri þess svæðis þar sem braggarnir og fjárhúsin stóðu.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917, Örnefnaskrá Hrafnagilshrepps, 33



Fjós EY-314:007. Á mynd til vinstri er staðsetning torfhúss á þessum stað 1917 sýnd með hringlaga merkingu ofan á loftmynd frá 1976 (af þeim húsum sem þá stóðu). Á mynd til hægri sést sama svæði í dag á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Útihús voru merkt inn á túnakort 10-15 m í norðan við norðvesturhorn gamla bæjarins 001. Á þessum stað var byggð stór, steinsteypt fjóshlaða í kringum 1919 og fjós 1933 og er ekki ólíklegt að húsíð sem þarna stóð áður hafi einnig verið fjós, í það minnst kallaðist lautin sem er fram af hússtæðinu Fjósslaut. Í örnefnaskrá segir um þetta svæði: „Neðan hans [Grundarhúsavallar 006] er Næstahússvöllur. Þaðan nær Hesthúshóll [011] niður að Þjóðvegi og eru Hesthúslaut og Fjósslaut sitt hvorum megin við hana.“ Inn á túnakorti frá 1917 er teiknað lítið hús sem virðist hafa verið í austurjaðri þess svæðis þar síðar voru byggt steinsteypt hlaða og fjós. Í svörum við spurningum til undirbúnings fyrir gerð fasteignamats 1916 kemur fram að fjós á Kroppi tók þá 9 gripi og var úr torfi og grjóti en í það hafði þó verið lögð vatnsleiðsla og stór fjóshlaða (200 hesta) hafði verið byggð á síðustu 10 árum á undan. Fjóshlaðan hefði nú verið búin að ná 100 ára aldri og hefði því talist til fornleifa en hún hefur nú verið rífið og er stórt sár eða gryfja í landinu á þessum slóðum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hrafnagilshreppur 33, Túnakort 1917, kassi 1916/13 [AA 13] Þjóðskjalasafn Íslands

EY-314:008 Litli-Kroppur heimild um býli

X 541704 Y 565012

Í Jarðabók Árna og Páls segir: „Kroppshús, kallast af sumum Little Kroppur, forn hjáleigunefna í túninu fyrir sunnan, hefur legið í eyði yfir 40 ár, en byggð um fáein ár þar fyrir. Byggigarkosti vita nálægir ekki að undirretta, atla þeir hafi þó ekki miklir verið. Ekki má hjer aftur byggja, því heyskapur er enginn.“ „Nú er öll sú spilda og túnið suður með Grísarármerkjum nefnt nýræktin. Þar syðra var áður hjáleigan Litli-Kroppur, er hét öðru nafni Kroppshús, sem ÁM telur að farið hafi í eyði 1670, eða því sem næst,“ segir í örnefnaskrá Hrafnagilshrepps. Í örnefnaskrá Kropps segir: „Lilti-Kroppur, öðru nafni Kroppshús, var gamalt eyðibýli rétt norðan við merkin milli bæjanna, en þess sjást nú engin merki, því að rústirnar hafa verið jafnaðar í sléttu.“ Ekki er lengur vitað hvar Kroppshús stóðu nákvæmlega. Líklega hefur hjáleigan þó verið syðst á túninu ofan við heimreið, nálægt merkjum. Á þeim slóðum eru rennislétt tún í halla til austurs. Nokkrar hæðir eru sunnarlega í túninu, nærri merkjum og var staðsetningarhnit tekið á þeim slóðum og helstu hæðir á þessum slóðum mældar upp en engin hæðanna getur talist afgerandi vísbending um mannvistarleifar undir sverði. Hæðirnar eru tæpa 200 m SSV við bæ 001.

Á þessum slóðum eru sléttuð tún sem enn eru slegin. Túnin eru í halla til austurs. Efsti



Engin skýr ummerki sjást á yfirborði um Kroppshús/Litla-Kropp EY-314:008. Talið er að hjáleigan hafi verið ofan og sunnan við bæ, nærri Grísará. Á mynd til vinstri sem tekin er með dróna er horft yfir umrætt svæði. Á mynd til hægri má sjá þá hóla sem eru á þessum slóðum í túninu og voru mældir upp þar. Hólarnir eru líklega náttúrulegir í grunninn en hugsanlegt er talið að þeir kunni að geyma mannvistarleifar undir sverði.

hluti túnanna var ræktaður síðar en sá neðri og tún ná nú einnig yfir allt svæðið frá Kroppslæk og að Grísará. Þegar efsti hlutinn var ræktaður var gerður skurður ofan túna og ofan hans er nú skógrækt. Skógrækt er einnig sunnan við túnin.

Óræðir hólur eru víða í túninu og nokkrir óljósir hólur nærri Grísaránni. Óvíst er hvort þeir eru í aðeins náttúruleg holt eða hvort mannvistarleifar kunni að leynast þar undir sverði. Ekki finnast a.m.k. aðrar vísbendingar um hugsanlega staðsetningu Kroppshúsa og var því býlið staðsett á þessum slóðum með talsverðum fyrirvara. Voru hólnunum gefnir bókstafir A, B og C og grófllega áætluð mörk þeirra mæld upp. Hóll A er syðstur og er hann 53 x 25 m stór og snýr ANA-VSV. Hóll B er nyrst og er hann 40 x 28 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hóll C er mun minni eða 13 x 10 m og snýr norður-suður.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: JÁM X, 216, Ö-Hrafnagilshreppur, 33, Ö-Kroppur, 1

EY-314:011 *Hestbúsbóll* kuml legstaður X 541964 Y 565258

Tvö kuml hafa fundist í Kroppslandi. Um þau er m.a. ritað í bókinni Kuml og haugfé en þar segir: „Sumarið 1900 voru safninu sendir nokkrir forngripir frá Kroppi. Þegar Daniel Bruun var hér 1902 aflaði hann vitneskju um fundinn. Vegagerðarmenn höfðu verið við malartöku fyrir neðan bæinn á Kroppi, rúmum 10 m vestan við þjóðveginn. Í um 1 m dýpt frá grasrót fundu þeir leifar tveggja mannsbeinagrinda.“ Í öðru kumlinu var miðaldra karlmaður sem greftraður hafði verið með spjóti og exi og í hinni gröfnni sem var rúmum 1 m vestar var beinagrind af miðaldra manneskju, líklega konu og var hún með allsérstæðan bronsprjón með sér. Árið 1988 birtist grein eftir Jón Steffensen í Árbók Fornleifafélagsins um ritstíla og kumlin að Kroppi í Eyjafirði. Í grein hans er staðsetningu kumla lýst eftirfarandi: „Þjóðvegurinn hefur verið lagður um vestri bakka árinna og undir brekkunum að vestanverðu í dalnum; sumstaðar hafa ranar úr brekkunum verið særðir lítið eitt sökum vegarins og sumstaðar hefir verið tekin mól í veginn, svo sem verksummerki sýna, gjótur malargryfjur og þessháttar. Ein slík malargryfja er við veginn rétt fyrir neðan bæjarhúsin á Kroppi. Að sögn gekk þar áður fram undan brekkunni dálítill rani, en var mokað burt til uppfyllingar í veginn og nú er gryfja ein eftir. Vegagerðarmenn fundu og grófu ofanefndar menjar, er síðar voru sendar safninu. Atvikum að fundinum var mér lýst á þessa leið: Á rananum, sem áður er nefndur, og fast við brekkuna fundust leifar af beinagrindum 2 manna á bletti, sem farið hefur í gröfina, en var 15-20 álnum vestan (ofan) við veginn og var nær 15 fetum hærra en vegurinn og nær 20 fetum

hærra en vatnið í ánni.“ Staðsetningu kumlanna er einnig lýst í örnefnaskrá Kropps en þar segir: „Akbrautin liggur fast neðan við túnið að austan; þegar hún var fyrst gerð, um 1900, var tekin mól í Hesthúshólnum í veginn. Þá fundust þar tvær beinagrindur, og var talið, að væri af kvenmanni og



Gróflega áætluð staðsetning kumlanna merkt með rauðum hring ofan á loftmynd til vinstri. Á mynd til hægri er horft til vesturs, yfir sama svæði en á þessum stað virðist hafa verið malarnáma en kumlin tvö fundust í malarnámi í brekkurótum neðan við Hesthúshól.

karlmanni.“ Hildur Gestsdóttir gerði síðar strontíum greiningu á sýni úr tannglerungi karlmannsins og sýndi hún að maðurinn var ekki fæddur á Íslandi heldur hafði hann fæðst í útlöndum og ekki flutt til Íslands fyrr en einhvern tíma eftir sex ára aldur.

Kumlið fannst við vegagerð 1900 og er melraninn sem það fannst í horfinn og efnið komið í veginn. Brekkan er sinuvaxin og talsverð skógrækt er í henni víða. Engar sýnilegar minjar eru eftir af kumlstaðinu. Melranarnir undan brekkunni sem bærinn stendur á og teygðu sig niður að Eyjafjarðará hafa verið skornir sundur við vegagerð og efnið notað í veginn. Kumlin voru í malargryfju við veginn rétt fyrir neðan bæjarhúsin á Kroppi og fast við brekkuna, um 10 m ofan við veg samkvæmt upplýsingum í ritinu Kuml og haugfé. Ekki er hægt að fullyrða um nákvæma staðsetningu kumlanna með vissu en neðst í eða neðan Hesthúshólstranans er þó hvílt þar sem virðist hafa verið grafið inn í brekkuna og ekki er ólíklegt að þar hafi kumlin verið. Umræddur staður er um 100 norðaustan við bæ og minna en 10 m vestan við malbikadán hjóla- og göngustíg vestan við Eyjafjarðarbraut. Gryfjan/hvilftún er algróin og 5-10 m í þvermál. Ekki er víst að mikið hafi verið leitað að frekari kumlum á þessum slóðum við vegagerðina og vel hugsanlegt að fleiri kuml leynist á þessum slóðum.

Heimildir: D.Bruun 1903, 20-21, Kuml og haugfé, 2016, 185-186, Jón Steffensen, 190, Ö-Kroppur, 2, Hildur Gestsdóttir. 2003, 9.

EY-314:014 vegur traðir

X 541900 Y 565127

Inn á túnakort frá 1917 er merkt heimreið að Kroppsbænum í sveig upp brekkuna beint austan við bæ 001. Gamla heimreiðin sem merkt er inn á túnakortið var aðal heimreiðin að bænum fram undir miðja 20. öld en þá var núverandi heimreið gerð sem liggur nokkuð sunnar. Í um þriggja áratuga skeið voru báðar heimreiðar í notkun en upp úr 1980 lagðist gamla heimreiðin alveg af. Gamla heimreiðin lá til suðurs skammt sunnan við bæ 001 og lá því næst í skarpan sveig til austurs og svo norðausturs skáhallt niður brekkuna og að Þjóðvegi. Hún var samtals um 160 m löng og var talsvert grafin inn í brekkuna í sveigunni upp brekkuna og var oft illfær á vetrum.



Heimreiðin að Kroppi EY-314:014. Á loftmynd til vinstri er búið að rétta upp túnakort og lega heimreiðarinnar sést á henni ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. Rauð brotalína sýnir þann hluta sem enn er greinilegur og var mældur upp en er að hverfa í skógrækt. Á mynd til hægri er horft á sama svæði úr lofti (til norðvesturs).

Heimreiðin lá upp grasi gróna og nokkuð bratta brekku. Nú er svæðið á kafi í sinu og aukinheldur hefur verið plantað talsverðu af trjáplöntum í og umhverfis heimreiðina og er hún að verða illgreinileg af þeim sökum. Heimreiðin var akfær. Hún var talsvert niðurgrafin á kafla og 2-3 m breið. Fram í brekkuna er því áberandi hryggur sem markar hana af og er heimreiðin í eins konar dæld á milli hryggjar og brekkunnar ofan við. Hún er merkjanleg neðan við rotþró og um 20 m austan við núverandi heimreið. Þar liggur hún samsíða Kroppslæknum á kafla og því næst til norðausturs niður brekkuna. Heimreiðin verður ógreinileg 20-25 m ofan (vestan) við Eyjafjarðarbraut þar sem skorið hefur verið úr brekkunni. Hana má því greina á um 100 m kafla.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1917



Líkleg staðsetning öskuhaugs EY-314:015. Á þessum slóðum var úrgangi hent á 20. öld en líklegt er að ösku og rusli hafi verið hent fram af bæjarhlaðinu um aldir. Á mynd til vinstri er horft til NNV en á ljósmynd til hægri horft yfir sama svæði til suðurs.

Líklegast hefur ösku og rusli verið varpað fram af hlaðvarpanum í Kroppi um aldir. Þegar Jón Steingrímsson heimildamaður man fyrst eftir var rusli kastað fram af hlaðinu norðaustur af bænum 001 og á gilbarmi Fjösslautar.

Á þessum stað er grasi vaxin hæð og brekka fram af og er talsverð grænka er í henni á þessum slóðum. Trjárækt er bæði sunnan og norðan við þetta svæði og mikill sinuvöxtur víðast þar sem henni sleppir. Ekki er ólíklegt að leifar af öskuhaugi kunni að reynast víða í brekkunni á þessum slóðum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-314:017 *Akbraut* heimild um leið

X 541986 Y 565250

Í ornefnaskrá Kropps segir: „Akbrautin liggur fast neðan við túnið að austan; þegar hún var fyrst gerð, um 1900, var tekin möl í Hesthúshólum [sjá 011] í veginn,“. Vegurinn sem gerður var um 1900 telst til fornleifa. Hann hefur verið á svipuðum slóðum og núverandi vegur en síðan þá hefur verið gerður malbikaður stígur fyrir hjólreiðafólk og gangandi vegfarendur milli vegar og brekkuróta. Engin ummerki sjást nú um eldri veg við deiliskipulagsreit. Vegurinn hefur verið á flatanum sem tekur við fast austan við brekkurætur Kroppsbrekkunnar.


Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Kroppur, 2

EY-314:022 þúst hlutverk óþekkt

X 541770 Y 565172

Gamla heimatúnið náði til vesturs frá Kroppsþænum. Síðar var ræktað frekara tún til suðurs, s.k. Nýrækt. Á þessum slóðum eru nú sléttuð túni í halla til austurs. Víða eru óljósar hæðir í túninu og er hugsanlegt að mannvistarleifar kunni að leynast í því. Ekkert þessum ummerkjum er þó afgerandi ef frá er talinn nokkuð greinilegur hóll 70-80 m suðvestan við bæ 001. Hann er þesslegur að ekki var talið ólíklegt að þar leyndust mannvistarleifar undir sverði þótt síður en svo verði fullýrt nokkuð



Þúst eða hæð í Kroppstúninu sem þar hugsanlegt er að mannvistarleifar leynist undir sverði. Á uppmælingu til vinstri má sjá staðsetningu hæðarinnar með hliðsjón af mörkum heimatúnsins frá 1917, hvort tveggja ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. Hæðin er að stærstu leyti innan gamla heimatúnsins. Í henni eru nokkrar dældir. Á myndinni til hægri er horft yfir sama (horft til VSV).

um það. Við skráningu var hóllinn látinn njóta vafans. Hóllinn er í sléttuðu túninu sem hallar til austurs. Hóllinn er gróflega áætlað um 50 X 35 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Í honum eru 2-3 dældir austarlega og ekki er óhugsandi að þær gætu hafa verið hólf. Um það verður þó ekki fullýrt og er hugsanlegt að hóllinn sé náttúruverk.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

5. Samantekt um sögu svæðis og landshætti

Úttektarsvæði það sem deiliskráð var haustið 2021 er um 10 ha stórt. Það nær yfir heimatún jarðarinnar Kropps eins og það var snemma á 20. öld en að auki myndar svæðið svolítinn kraga utan gamla heimatúnsins að norðan, vestan og sunnan.

Á Kroppi fundust tvö kuml þegar unnið var að vegagerð neðan við bæinn. Er það sjálfstæður vitnisburður um það að jörðin byggist snemma. Ýmisleg önnur rök styðja það s.s. bæjarheitið, staðsetning jarðar og landgæði, en jörðin var metin á 40 hdr lengst af. Kropps er einnig getið í elstu heimildum s.s. í Landnámabók⁴, í Reykdælasögu⁵, Guðmundar sögu dýra⁶ og Þorgils sögu skarða⁷. Að samanlögðu verður að teljast afar líklegt að Kroppur byggist mjög snemma og hugsanlega er jörðin á meðal allra elstu jarða á svæðinu þar sem ekki er að sjá að henni hafi verið skipt út úr annarri jörð. Hugsanlegt er að Grísará hafi upphaflega tilheyrt Kroppi en e.t.v. er enn líklegra að hún hafi byggist úr landi Hrafnagils. Þrátt fyrir að Kroppsjörðin hafi líklega byggist snemma og sé í hópi elstu jarða á svæðinu er ekki vitað um bænhús eða kirkju á jörðinni og ekki sagnir um að þar hafi verið komið niður á minjar sem gætu bent til slíkra mannvirkja.

Að samanlögðu má ljóst vera að Kroppsjörðin byggist snemma og hún er hátt metin lengst framan af eða oftast um 40 hdr.⁸ Jarðarinnar er getið í nokkrum fornbréfum á 15. og 16. öld þá jafnan í tengslum við kaup og sölu hennar. Hún virðist framan af hafa verið í bændaeign en er komin undir Hólastól snemma á 16. öld.⁹ Þremur áratugum síðar er hún talin á meðal þeirra jarða sem hafa verið seldar undan stólnum.¹⁰ Í bréfi frá 1583 kemur fram að dómsmenn voru kvaddir til að ákveða lögmæti þeirra ítaka sem Kroppsjörðin er sögð eiga samkvæmt bréfi (án innsiglis) þar um. Ekki kemur fram hver ítökin eru nákvæmlega en þau eru sögð „miog skialeg“ og í annarra manna landareignum.¹¹ Samkvæmt þessu mætti ætla að Kroppsjörðin hafi átt ýmis ítök, ekki bara Kroppsnes austan Eyjafjarðarár (sem metið er á 10 hdr í Jarðabók Árna og Páls)¹² heldur einnig í fleiri jörðum og er það athyglisvert og gæti mögulega varpað ljósi á sögu jarðarinnar. Áfram er jarðarinnar getið í tengslum við sölu og gjafir á henni en slíkar heimildir geyma þó aðallega upplýsingar um dýrleika og að jörðin hafi ekki verið í eigu sömu fjölskyldu um aldir eins og stundum virðist raunin með betri meðaljarðir.

⁴ S224, H190; H211 sjá ÍF I, 211, 224, 257, 277

⁵ 5., 9. og 16. kafli, sjá ÍF V, 298, 305, 325

⁶ 9. kafli, Sturlunga I. bindi, bls. 176

⁷ 47. kafli, Sturlunga II, 183.

⁸ sjá t.d. DI VII, 728 og DI IX, 301, DI XII, 627 og Jarðabréf, 219.

⁹ DI IX, 301

¹⁰ DI XI, 873.

¹¹ DI XV, 267.

¹² JÁM X, 216

Ekki er vitað um aðrar hjáleigur í landi jarðarinnar en Kroppshús eða Litla-Kropp (EY-314:008) sem er fyrst getið í heimildum í Jarðabók Árna og Páls frá 1710. Í Jarðabókinni kemur fram að hjáleigan hafi þá legið í eyði í meira en 40 ár eða frá því fyrir 1670 og ekki megi þar aftur byggja því að heyskapur sé þar enginn.

Í bókinni *Eyfirðingar framan Glerár og Varðgjár* er gerð ítarleg grein fyrir ábúendum á Kroppi allt frá 1630 og verður ábúendatal ekki rakið hér að ráði en þess í stað vísast í bókina.¹³ Á 19. öld kemst Kroppsjörðin í eigu Páls Steinssonar frá Tjörnum, afa Davíðs Jónssonar sem tók við búskap 1895 ásamt konu sinni Sigurlínu Jónasdóttur. Davíð varð síðar hreppstjóri og var stórhuga búmaður. Talsverðar upplýsingar um búskaparskilyrði, landgæði og ræktun í hans tíð má finna, m.a. í svörum hans við spurningum sem sendar voru út í tengslum við gerð fasteignamats 1916-1918 og varðveitt eru á Þjóðskjalasafni og í örnefnaskrá jarðarinnar sem er rituð niður eftir honum árið 1936.¹⁴ Í svörum við spurningum vegna fasteignamats segir Davíð að tún á jörðinni séu nauðlend, brött og giljött hólátún og talsvert misfellusöm. Engu að síður eru túnin þá í sæmilegri rækt og um helmingur þeirra sléttaður en hinn hlutinn greiðfær að mestu. Samanlagt var þá túnið um 5 hektarar eða 16 dagsláttur. Í greinargerðinni kemur fram að matjurtagarðar séu 180 m². Getið er um að engjar austan Eyjafjarðarar séu góðar; slétt, votlent og grasgefið flæðaengi og að engjavegur sé stuttur en stundum erfiður sökum þess að fara þurfi yfir Eyjafjarðará. Engjarnar á þessum slóðum eru sagðar henta vel fyrir vatnsveitingar en slíkt væri aðeins mögulegt í félagi við aðrar jarðir. Engjar vestan við bæ séu litlar og illt að nýta þær sökum búfjár og bratta en hey sé þó þokkalegt. Í samantektinni kemur fram að beutiland jarðarinnar sé víðlent og gott til sumarbeitar fyrir sauðfé og hesta en lakara fyrir kýr og lítið notað á veturnum vegna snjóþyngsla og er sagt að fé hafi stundum fennt í fyrstu snjóum. Sagt er að í bithaganum sé talsverður ágangur af afréttarpeningi og peningi nágranna. Högum er lýst sem grösugum og kjarngóðum til fjallsins en léttum og hrjóstrugum nær bæ. Mótak er þar sagt lítið og sendið og torfrista og grjóti til bygginga léleg en sandur í steypu ágætur og fast við bæinn. Vatnsból er sagt gott, bæjarlækurinn, fast við bæinn. Samkvæmt úttektinni framfleytti jörðin þá í meðalári 5-6 manna heimili, 180 fjár, 4 kúm, 6 hrossum. Jörðin er sögð liggja vel við samgöngum og sé akfært alla leið frá kaupstaðnum heim að túni, en heim að bænum verði ekki ekið, nema hálfu hlassi vegna bratta. Árið 1916 voru öll hús á jörðinni úr torfi og grjóti. Fjós jarðarinnar var þá fyrir 9 gripi, hesthús fyrir 7 hross, fjárhús samanlagt fyrir 190 fjár en hlöður fyrir 460 hesta.

Davíð Jónsson var stórhuga og reisti stórt og glæsilegt steinsteypt íbúðarhús á jörðinni árið

¹³ Eyfirðingar framan Glerár og Varðgjár, bls. 259-271

¹⁴ Svör við spurningum vegna Fasteignamats, kassi 1916/13 [AA 13] Þjóðskjalasafn Íslands og Ö-Kroppur.

1919. Skömmu áður hafði hann reist stóra fjóshlöðu og síðar fjós og fleiri hlöður á kreppuárunum. Framkvæmdirnar urðu honum dýrkeyptar og ollu því að hann missti eignarhald á jörðinni og hún komst í ríkiseigu þótt Davíð sæti hana áfram allt til 1946.¹⁵ Á fimmta áratugnum sátu ýmsir jörðina en 1943 tóku Steingrímur Guðjónsson og Elín Pálmadóttir við jörðinni og var hún í ábúð afkomenda þeirra þar til búskapur lagðist þar af árið 2000. Hefðbundinn búskapur var á jörðinni fram til 1989 þegar Kroppur, Hrafnagil og Merkgilsjarðirnar stofnuðu félagsbúið Þristinn en Kroppsbændur drógu sig út úr því samstarfi um áramótin 1990-1991.¹⁶ Á 10. áratugnum hófst svo skógrækt á jörðinni en árið 2000 leggst búskapur af á jörðinni og er hún skráð í eyði árin 2000-2003.¹⁷ Síðan þá hefur að jafnaði verið búið í íbúðarhúsinu en enginn búskapur stundaður. Á þessu tímabili hefur jörðin nokkrum sinnum gengið kaupum og sölum. Uppi voru hugmyndir um að reisa þar stórt sumarbústaðahverfi rétt fyrir efnahagshrunið 2007 en ekki varð úr þeim áformum. Jörðin er nú í eigu þróunarfélagsins Ölduhverfis ehf sem hyggst láta byggja íbúðarhverfi, Ölduhverfis, á þessum slóðum og innan marka deiliskipulagsreits er nú gert ráð fyrir um 212 íbúðum. Íbúðarhúsið á Kroppi og húsalóðin eru undanskilin í ráðgerðum.¹⁸

Landsbættir á úttektarsvæði

Lægsti hluti deiliskipulagsreits er í um 10 m h.y.s. en þar sem ber hæst er hann í ríflega 50 m h.y.s. Mest allt svæðið er í halla til austurs og meira en helmingur þess (vesturhluti) sléttuð tún sem enn eru slegin. Kroppsbærinn stendur á háum náttúrulegum hóli eða syllu í brekkunni og hefur jafnan verið afar víðsýnt frá honum þótt skógrækt sem nú er tekin að ná sér á strik í brekkunni neðan við bæinn sé svolítið farin að takmarka útsýni til suðausturs. Skógrækt sem hófst á Kroppsjörðinni á 10. áratugnum er að stórum hluta ofan deiliskipulagsreits. Þó er talsverð skógrækt innan deiliskipulagsreits að austanverðu og til vesturs meðfram norðurmörkum reitins. Er talsverður hluti umræddrar skógræktar innan gamla heimatúnsins en hluti hennar þar sem áður voru lítt grónir melar norðanlega í Kroppslandinu.

Ljóst er að gróðurfar á Kroppsjörðinni hefur tekið stakkaskiptum á síðustu 100 árunum eða svo. Í örnefnaskrá jarðarinnar sem rituð var 1936 kemur fram að tún á jörðinni hafi tekið algjörum breytingum á síðustu þremur áratugum eða svo og sé kargþýfið horfið en sléttur komnar

¹⁵ BE 1990 II, 270

¹⁶ BE 1990 II, 739

¹⁷ BE 2010, 409

¹⁸ *Breyting á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar og deiliskipulag Ölduhverfis, 2-7*

Þess í stað og í þessum breytingum hafi gömul örnefni týnst og ný litið dagsins ljós eins og eðlilegt sé.¹⁹ Engjarnar í Kroppsnesi voru talsverð búbót fyrir bæinn og voru þær nytjaðar allt fram yfir 1960 og heyið þá oftast flutt á pramma yfir ána.²⁰

¹⁹ Ö-Kroppur, 1

²⁰ BE 1990 II, 738

6. Fornleifar innan deiliskipulagsreits

Samtals voru skráðar 13 fornleifar við skráningu á deiliskipulagsreits í Kroppslandi í september 2021. Einn staðanna, Akbraut (EY-314:017) er hins vegar fast utan deiliskipulagsmarka og því ekki innan reitsins. Hann var engu að síður skráður vegna nálægðar við mörkin. Stærstur hluti úttektaarsvæðis var innan gamla heimatúnsins og þar reyndust flestar af þeim minjum sem þekktar eru á svæðinu, eins og við var að búast. Íbúðarhúsið á Kroppi er meira en 100 ára gamalt og telst því til aldursfriðaðra húsa en líklegt er að undir og í næsta nágrenni leynist mannvistarleifar (EY-314:001) og má búast við því að slík ummerki sé að finna víða á bæjarstæðinu, t.d. að húsabaki. Heimildir eru um fimm útihús í heimatúni Kropps (EY-314:003-007) en í öllum tilfellum hefur yfirborðsummerkjum um húsinn verið rutt út. Fyrirfram er ekki ljóst hvort ummerki um útihúsin kunna enn að leynast undir sverði. Í tilfelli fjóss (EY-314:007) virðist það þó ólíklegt enda stóðu þar lengi steinsteypt hús og hafa þau nú verið fjarlægð og mestallur jarðvegur undan þeim einnig. Auk útihúsanna var skráður kálgarður (EY-314:002) af túnakortinu en hann var í brekkunni neðan við fjósið. Hlaðið gerði var um garðinn en nú sjást ekki önnur ummerki um hann en greinilegur munur á gróðurfari í brekkunni á þeim slóðum sem hann var. Öskuhaugur (EY-314:015) var niður og út af bæjarhúsunum á 20. öld og hefur rusli líklega verið hent á svipuðum slóðum um aldir. Engin skýr ummerki um hauginn sjást á yfirborði en ekki er ólíklegt að talsverðar leifar af öskuhaugi kunni að leynast undir yfirborði á þessum slóðum. Af þeim mannvirkjum sem merkt voru inn á túnakort 1917 er aðeins einn staður sem enn sjást greinileg ummerki um en það eru gömlu traðirnar heim að bænum (EY-314:014). Traðirnar voru aðal heimreiðin fram yfir miðja 20. öld en þá var gerð önnur heimreið og þær báðar notaðar samhliða um skeið þar til sú eldri var endanlega aflögð. Greinileg merki um traðirnar sjást enn þótt skorið hafi verið af þeim í báða enda. Á þeim kafla sem traðirnar sjást enn er talsverð skógrækt og hefur m.a. verið plantað ofan í traðirnar og eru þær í stórhættu af þeim sökum. Auk þeirra minja sem hér hafa verið nefndar innan túns var skráður hóll eða þúst (EY-314:022) í túninu þar sem hugsanlegt var talið að mannvistarleifar gætu leynst þótt ekki verði skorið úr um það með vissu nema að bylta sverði.

Tvær fornleifar til viðbótar voru skráðar innan marka deiliskipulags en utan gömlu túnanna, báðar afar áhugaverðar. Fyrst ber að nefna bæjarstæði Litla-Kropps eða Kroppshúsa (EY-314:008) eins og hjáleigan var nefnd jöfnum höndum. Engin yfirborðsummerki sjást um hjáleiguna og sjálfsagt um eða yfir öld frá því að þau voru jöfnuð við jörðu (var a.m.k. horfið fyrir nokkru þegar örnefnaskrá var rituð 1936). Sökum þessa er staðsetning hjáleigunnar aðeins á reiki en þó er ljóst að hún var þar sem nú eru tún ofan við Kroppsbæinn, nærri Grísará. Þar eru mishæðir nærri merkjum og án frekari vitneskju verður að teljast líklegast að býlið hafi verið á þeim slóðum. Að lokum er það sá minjastaður sem einna merktastur getur talist og það er Kroppskumlin (EY-

314:011) sem voru norðan og neðan við bæ, við brekkurætur. Líkt og í tilfalli býlisins er nákvæm staðsetning kumlanna ekki þekkt en þó má gróflega áætla hana út frá lýsingum. Kumlin voru skammt ofan við þjóðveginn, í brekkurótum, utan í Hesthúshólnum. Kumlin fundust við malarnám og má sjá gróna malarnámu á þessum slóðum þar sem ætla má að kumlin hafi fundist. Á þessum stað fannst bæði karl- og kvenkuml og eru þau merk fyrir margra hluta sakir. Karlinn sem í kumlinu hvíldi var t.a.m. ekki fæddur á Íslandi heldur og hafði búið erlendis í frumbersku samkvæmt strontíum-rannsókn sem gerð var á tönnum hans. Einnig hefur verið ritað um góðan grip úr kvenkumlinu sem er að líkindum ritstíll og er nokkuð merkur fundur. Að samanlögðu er ljóst að kumlin eru merkar minjar og ekki er fullvíst að kumlateigur á þessum stað sé fullkannaður Það er því ljóst að talsverður fjöldi minjastaða er þekktur innan deiliskipulagsreits þótt að skýr yfirborðsummerki sjáist aðeins í undantekningartilviki.

Talsvert rask hefur átt sér stað innan marka deiliskipulagsreitsins frá því snemma á 20. öld. Eins og eðlilegt má teljast hafa þar verið byggð hús, vegir lagðir og tún sléttuð. Að auki hófst þar skógrækt undir lok síðustu aldar sem gjörbreytt hefur ásýnd svæðis og umturnað menningarlandslagi.

Talsverður hluti deiliskipulags Ölduhverfis er innan gamla heimatúnsins á Kroppi. Þar hefur að öllum líkindum verið búið allt frá fyrsta landnámi á svæðinu og er ljóst að talsverðra minja er að vænta þar. Ljóst er að fara verður varlega í allar frekari fyrirætlunir um uppbyggingu innan gamla heimatúnsins og hana verður að gera í samvinnu við Minjastofnun Íslands sem getur gefið fyrirmæli og ráðleggingar í þessum efnum og mun skera úr um hvort uppbyggingaráform geti haldið áfram óbreytt og þá með hvaða skilyrðum.

Heimildaskrá

BE 1973. *Byggðir Eyjafjarðar 1973*, seinna bindi. 1973. Akureyri. Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

BE 1990: *Byggðir Eyjafjarðar 1990*, fyrri bindi. 1993. Guðmundur Steindórsson, Jóhannes Sigvaldason, Kristján Sigfússon, & Óskar Þór Halldórsson (ritstj.) Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

BE 2010: *Byggðir Eyjafjarðar 2010*. Guðmundur Páll Steindórsson, Jóhann Ólafur Halldórsson, Valdimar Gunnarsson. Akureyri. Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

Breyting á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar og deiliskipulag Öldubverfis. Verkefnislýsing aðalskipulags skv. 30. gr og deiliskipulags skv. 1. málsgrein 40. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 Júní 2021. Batteríúð arkitektar fyrir Eyjafjarðarsveit.

Daniel Bruun 1903. „Nokkrar dysjar frá heiðni“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1903*:17-28.

DI: *Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI. 1857-1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík. Hið íslenska bókmenntafjelag.

Eyfirðingar framan Glerár og Varðgjár: Jarða- og ábúendatal frá elstu heimildum og til ársloka 2000. I: Hrafnagilshreppur. Byggt á handriti Stefáns Aðalsteinssonar. Akureyri. Sögufélag Eyfirðinga.

ÍF: *Íslensk fornrit I.* Reykjavík.

Jarðabréf: *Jarðabréf frá 16. og 17. öld: Útdráttir.* 1993. Gunnar F. Guðmundsson ritstýrði. Reykjavík. Útgefanda vantar.

JJ: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi.* 1847. Kaupmannahöfn. Útg. vantar.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, X. Eyjafjarðarsýsla. 1943. Kaupmannahöfn. Hið íslenska fræðafjelag.

Jón Steffensen. „Um ritstíla og kumlin að Kroppi í Hrafnagilshreppi í Eyjafirði“. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1988*: 189-97.

Jónas Rafnar. 1975. *Eyfirsk fræði III: Bajarlýsingar og teikningar.* Sögufélag Eyfirðinga. útgáfustað vantar.

Kuml og haugfé 2016: *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*, 3. útgáfa. 2016. Kristján Eldjárn (ritstj.) Adolf Friðriksson. Reykjavík. Mál og menning.

Hildur Gestsdóttir. 2003. *The settlement of Iceland: A preliminary analysis of strontium isotopes in human remains*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS202-03061.

Lárus J. Rist. 1947. *Synða eða sökva: endurminningar*. Akureyri. Útgefanda vantar.

Lög um menningarminjar nr. 80, 2012.

Orri Vésteinsson og Adolf Friðriksson. 1994. *Fornleifaskráningin í Eyjafirði I: Fornleifar í Eyjafjarðarsveit norðan Hrafnagils og Þverár*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS000-94011.

Óprentaðar heimildir

Ö-Kroppur: *Örnefnaskrá Kropps*, Margeir Jónsson skráði eftir Davíð Jónssyni. 4. febrúar 1936. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Örnefnasafn.

Ö-Hrafnagilshreppur: *Örnefnaskrá Hrafnagilshrepps*: Jóhannes Óli Sæmundsson tók saman. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Örnefnasafn.

Þjóðskjalasafn Íslands

Jarðadeild XIV. Uppdrættir af túnum 1917. Kroppur

Svör við spurningum vegna Fasteignamats, kassi 1916/13 [AA 13]

Ljósmyndir:

Kroppur 1955/56. Tryggvi Haraldsson fyrir KEA. Minjasafnið á Akureyri, A1-00270_26.

Ljósmyndir Hreiðars Steingrímssonar. Í eigu fjölskyldunnar. Birt með leyfi.

Loftmyndir:

Loftmynd frá Loftmyndum ehf október 2021.

Loftmynd frá Landmælingum Íslands: LMI-Kort-E11-E-2832. Svæði nr: 63-Munkaþverá-Kristnes.

Tökudagur:1976-09-09. Flughæð: 2000 metrar. Tegund myndar: SH.

Flokkur : E númer : 2828 til 2832

Heimildamenn:

Úlfar Steingrímsson vegna aðalskráningar 1994 en Jón Steingrímsson vegna deiliskráningar 2021.

Samtala	X	Y
EY-314:001	541874	565187
EY-314:002	541933	565236
EY-314:003	541853	565190
EY-314:004	541771	565236
EY-314:005	541789	565233
EY-314:006	541851	565240
EY-314:007	541883	565210
EY-314:008A	541704	565012
EY-314:008B	541707	565054
EY-314:008C	541683	465020
EY-314:011	541964	565258
EY-314:014	541900	565127
EY-314:015	541909	565205
EY-314:017	541976	565255
EY-314:022	541770	565172

MINJAKORT

